

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2022

Efni: Umsögn frá VIRK-Starfsendurhæfingarsjóði vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris), 435. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir lengingu á tímabili endurhæfingarlífeyris úr að hámarki þremur árum í 5 ár að hámarki.

**VIRK fagnar þessari breytingu sem miðar m.a. að því að bæta réttarstöðu einstaklinga með alvarlegan heilsuvanda og gera þeim kleift að klára sína endurhæfingu með það að markmiði að auka vinnugetu sína og lífsgæði.**

VIRK vill þó í þessu samhengi koma eftirfarandi sjónarmiðum og ábendingum á framfæri:

**Þörf fyrir sjúkrageiðslur þar sem ekki er gerð krafa um þátttöku í endurhæfingu**

Þegar einstaklingar fá greiddan endurhæfingarlífeyri þá er í leiðinni gerð krafa um að gerð sé endurhæfingaráætlun með tilheyrandi úrræðum og þjónustu. Það er hins vegar ekki óalgengt að einstaklingar séu í þannig stöðu að þeir þurfi ekki á mikilli endurhæfingarþjónustu að halda heldur hvíld og/eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Dæmi um þetta eru einstaklingar í krabbameinsmeðferð, einstaklingar sem eru að bíða eftir aðgerðum í heilbrigðiskerfinu og einstaklingar þar sem heilsubæsturinn er þess eðlis að mikil hvíld er nauðsynleg. Heilsubrestur einstaklinga getur einnig kallað á mismunandi þjónustu eftir framgangi þannig að einstaklingur getur stundum þurft mikla endurhæfingu en inn á milli meiri hvíld og/eða meðferð innan heilbrigðiskerfisins.

Sjúkrageiðslur eru í dag mjög takmarkaðar innan hins opinbera kerfis og ef einstaklingur á ekki rétt til greiðslna hjá atvinnurekenda eða hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga og getur ekki tekið þátt í virkri endurhæfingu samkvæmt endurhæfingaráætlun þá hefur hann stundum ekki annan möguleika en að sækja um örorkulífeyri þrátt fyrir að einstaklingur hafi talsverða möguleika á vinnumarkaðsþátttöku til framtíðar.

Þessi staða getur einnig valdið því að einstaklingum er t.d. beint í starfsendurhæfingu hjá VIRK eða aðra endurhæfingu til að tryggja framfærslu jafnvel þó endurhæfing sé í raun ekki viðeigandi og einstaklingur eigi erfitt með að taka þátt í henni. Þetta veldur þrýstingi á alla aðila í þá átt að veita þjónustu sem er kannski ekki mikil þörf fyrir og slíkt leiðir til sóunar. VIRK reynir í svona aðstæðum

að beina einstaklingum í annan farveg en skortur á framfærslumöguleikum getur búið til mikinn þrýsting á ýmis endurhæfingaráræði sem henta ekki alltaf aðstæðum einstaklinga.

### Mikilvægi sveigjanleika

Heilsubrestur og sjúkdómsferill einstaklinga getur verið flókinn og fylgir ekki alltaf fyrirframgefnum forsendum. Þannig geta einstaklingar sem taka þátt í starfsendurhæfingu lent í áföllum eða tímabundnu bakslagi þar sem þeir þurfa að draga sig til baka úr starfsendurhæfingu á meðan á læknisfræðilegri meðferð stendur eða á meðan viðkomandi þarf meiri hvíld. Framfærslumöguleikar einstaklinga þurfa að taka mið af þessum veruleika þannig að tryggt sé að viðkomandi fái viðeigandi framfærslu við ýmiss konar aðstæður. Það er þekkt að óvissa í kringum framfærslu getur dregið mjög úr bata og árangri í starfsendurhæfingu. Það þarf því að gæta þess að framfærslukerfin séu ekki of flókin og geri ekki óraunhæfar kröfur til einstaklinga í erfiðum aðstæðum. Þetta þarf að skoða í heild sinni í nýju kerfi.


Á sama hátt þarf að vera til staðar sveigjanleiki þegar einstaklingar eru að taka sín fyrstu skref út á vinnumarkaðinn í kjölfar starfsendurhæfingar. Oft þurfa einstaklingar að fá tækifæri til að byrja í litlu starfshlutfalli og auka síðan við sig. Einnig getur verið til staðar mikil óvissa um getu og óöryggi þegar fyrstu skrefin eru tekin. Það væri því til bóta ef einstaklingar gætu t.d. haldið rétti sínum til lífeyris í einhvern tíma á meðan þeir eru að fóta sig á vinnumarkaði. Það myndi auka öryggi og gera fleirum kleift að prófa sig á vinnumarkaði þrátt fyrir heilsubrest sem stundum fylgir fólki ævina á enda.

### Fyrirframgreiddur endurhæfingarlífeyrir og eftirágreidd laun

Í dag er endurhæfingarlífeyrir greiddur fyrirfram en laun eru yfirleitt greidd eftir á. Þetta veldur því að þegar einstaklingar fara úr endurhæfingu út á vinnumarkaðinn þá geta liðið ein mánaðarmót með engum greiðslum. Þetta er mjög erfitt fyrir alla sem í þessu lenda og þetta getur auðveldlega haft áhrif í þá átt að erfiðara er fyrir einstaklingana að fara á vinnumarkað en ella. Þessu er því mikilvægt að breyta.

VIRK er reiðubúið til að fylgja ofangreindum ábendingum eftir með samtali og gögnum og er nú sem endranær reiðubúið til að taka þátt í þessari mikilvægu umbótavinnu.

Virðingarfyllt,



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs